Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

# 8. bekkur

## skólanámskrá Skarðshlíðarskóla
## Námssvið og námsgreinar




Skólaárið 2024- 2025

Skólanámskrá Skarðshlíðarskóla.
Útgefin 2024.
Starfsáætlun er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla, bæði í heild sinni og ýmsir þættir sérstaklega eftir því sem við á.

**Útgáfustaður**: Hafnarfjörður.
**Ábyrgð**: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri Skarðshlíðarskóla.

**Útgefandi**: Skarðshlíðarskóli/Hafnarfjarðarkaupstaður.
Hádegisskarð 1
221 Hafnarfjörður

netfang: skardshlidarskoli@skardshlidarskoli.is
veffang: http://www.skardshlidarskoli.is

# Efnisyfirlit


Efnisyfirlit ..... 3

1. Skólastarf 8. bekkjar ..... 4

1.1 Samantekt kennslu í 8. bekk ..... 5

1.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 8. bekk ..... 6

1.3 Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 8. bekk ..... 9

1.4 Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf ..... 10

1.5 Námsmat og vitnisburðarkerfi ..... 11

2. Námssvið og námsgreinar ..... 12

2.1 Lykilhæfni ..... 13

2.3 Íslenska sem annað tungumál ..... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**

2.4 Erlend tungumál ..... 24

2.5 List- og verkgreinar ..... 29

2.5 Skólaíþróttir ..... 35

2.6 Stærðfræði ..... 40

# 1. Skólastarf 8. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

# 1.1 Samantekt kennslu í 8. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>2<br>1<br>2 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 3<br>4 |
| 3. List- og verkgreinar | 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Fjölmiðlun<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 6 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrugreinar | 4 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 4 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 6 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 2 |
| 9. Val | 9.1. Valgrein 1<br>9.2. Valgrein 2 | 6 |
| Alls | | 37 |

# 1.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 8. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

| Grunnþáttur menntunar | Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnþætti |
|---|---|
| *HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:* | Það er unnið með *heilbrigði og velferð* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Stuðla að hollu mataræði með því að hvetja nemdur til að koma með hollt nesti að heiman og fá foreldra jafnframt til samstarfs við okkur í þeim tilgangi. Jafnframt bjóða upp á holla næringu í mötuneyti nemenda<br>• Hvetja til hollrar og fjölbreyttrar hreyfingar, úti og inni, bæði í íþróttum og öðrum námsgreinum, má þar m.a. nefna Míluna.<br>• Stuðla að góðum samskiptum við nemendur, foreldra, starfsfólk og aðra sem að skólastarfinu koma. Það gerum við með því að vera fyrirmyndir og skapa skólabrag þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi<br>• Mikilvægt að nemendur fái nægjanlega hvíld og að jafnvægi sé á milli skóla og tómstunda<br>• Jákvæður skólabragur, SMT, bekkjarfundir, reglukennsla<br>• Unnið með einkunnarorð skólans samvinna, vinátta, þrautsegja<br>• Efla skilning á eigin tilfinningum og annarra og efla vitund um kynheilbrigði |
| *JAFNRÉTTI:* | Það er unnið með *jafnrétti* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega óháð kyni, fötlun, búsetu, stétt, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni<br>• Fagna margbreytileikanum og líta á hann sem tækifæri fremur en hindrun<br>• Koma fram við alla innan skólans, jafnt nemendur sem starfsmenn, af virðingu<br>• Kenna nemendum að setja sig í spor annarra<br>• Standa vörð um gildin okkar, leitast við að skilja í stað þess dæma og hlusta og leiðbeina nemendum okkar með því að virkja þá og vekja til umhugsunar um hverja þá orðræðu sem upp kemur<br>• Vera meðvitaður um hvert við beinum athyglinni innan nemendahópsins og að allir séu virkjaðir<br>• Gæta þess að einstaklingum sé ekki mismunað eftir kynferði, kynþætti, fötlun, þjóðerni, aldri, né vegna trúar- eða stjórnmálaskoðana |
| *LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:* | Það er unnið með *lýðræði og mannréttindi* í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: |

| | |
|---|---|
| | • Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og verkum<br>• Nemendur læri um rétt sinn og skyldur og að réttindum fylgir ábyrgð<br>• Nemendur verði meðvitaðir um mátt orðnotkunar í ræðu og riti<br>• Nemendur læri að bera virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og að virða hvern og einn eins og hann er. Nemendur geti unnið með ólíku fólki, virt skoðanir þess, tekist á við áskoranir og hugsað í lausnum<br>• Nemendum séu skapaðar aðstæður til umræðna þar sem rýnt er í efnið og þeir læri að ýmislegt getur legið að baki því sem virðist óskiljanlegt í fyrstu<br>• Nemendur læri að til þess að skapa samfélag þar sem öllum líður vel þurfum við að vera samábyrg, geta sýnt umhyggju fyrir öðrum og vera meðvituð og virkir þátttakendur í skólasamfélaginu<br>• Fræða um mannréttindi, stjórnsýslu, samfélagsmótun, borgaravitund og manngildi stuðla að hópavinnu<br>• Auka siðferðisvitund<br>• Efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og samábyrgð<br>• Nemendur geti valið nám eftir áhugasviði |
| *LÆSI:* | Það er unnið með *læsi* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Ýta undir víðtækan skilning á læsi s.s. umhverfislæsi, tölvulæsi, stafrænt læsi, tæknilæsi, fjölmiðlalæsi og hvetja jafnframt til bókalestrar og að nemendur geti lesið sér til gagns<br>• Allir kennarar skólans leggja sig fram við að búa nemendum þær aðstæður að þeir verði læsir á umhverfi sitt og geti lesið sér til gagns í víðtækum skilningi<br>• Læsi snýst um sköpun merkinga sem á sér stað í samskiptum nemenda við þá sem þeir umgangast og í því umhverfi sem þeir búa við. Skólinn þarf að byggja á þeim grunni og styrkja enn frekar bæði undirstöðurnar og það sem byggt er ofan á með því að virkja nemendur í lærdómsferlinu<br>• Vera læs á náttúru, umhverfi, menningu og aðstæður.<br>• Vera læs á mannleg samskipti/samfélagið og með því að vera læs á sjálfan sig þá læra nemendur smátt og smátt að þekkja muninn á eigin hugmyndum og annarra og virða þær<br>• Leggja áherslu á gott samstarf við heimilin í tengslum við læsi og auka skilning þeirra á mikilvægi að virkja nemendur í lærdómsferlinu. Nemendur lesi reglulega heima og skólinn fræði foreldra um læsi og merkingu þess<br>• Styðja við nemendur sem kljást við sértæka lesörðugleika<br>• Efla tölvu- og tæknilæsi<br>• Nemendur læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt<br>• Auka notkun á bókasafni og upplýsingamennt<br>• Kenna nemendum að vera læsir á umhverfið<br>• Efla vitund nemenda á bóklestri sér til gagns og ánægju |

| | |
|---|---|
| | • Efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis við lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningarlæsi og fleira. |
| *SJÁLFBÆRNI:* | Það er unnið með *sjálfbærni* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Skapa samábyrgt samfélag innan skólans þar sem allir eru virkjaðir og skoðað saman hvort allir hafi möguleika á þátttöku í því sem verið er að gera<br>• Gera nemendur meðvitaða um þeirra þátt í daglegri umgengni innan skólans; flokka rusl og stefna að því að hafa sem minnst af því, nota fjölnota umbúðir fyrir mat og drykki, hvetja til orkusparnaðar (slökkva ljós, fylgjast með hita á ofnum eftir veðurfari, notkun á vatni, sápu og pappír, skoða hvernig ferðast er til og frá skóla)<br>• Nemendur læri hvernig hlutir verða til, hvaðan þeir koma og hvert þeir fara<br>• Skapa samfélag þar sem skólinn, heimilin, mötuneytið, foreldrafélagið, félagsmiðstöðin og leikskólinn vinna saman og eru upplýstir um stefnu skólans<br>• Læra að flokka og endurnýta<br>• Stuðla að umhverfisvænni hugsun og venjum<br>• Efla meðvitund nemenda um áhrif sín á umhverfið |
| *SKÖPUN:* | Það er unnið með *sköpun* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Leyfa öllum að njóta sín og leggja áherslu á það í vinnu með nemendum að ferlið skiptir jafn miklu máli og afraksturinn<br>• Fá tækifæri til að uppgötva og tengja við fyrri þekkingu ásamt því að átta sig á því að sköpun byggir líka á gagnrýninni hugsun sem opnar nýjar leiðir til að nálgast viðfangsefnið<br>• Fá tækifæri til að ígrunda skoðanir og öðlast eigin sýn á heiminn.<br>• Ýta undir skapandi hugsun í öllum námsgreinum og virkja hugann til að leita fjölbreyttra leiða til lausna<br>• Leitast við að vera opin fyrir hugmyndum nemenda svo þeir verði óhræddir við að segja frá, prófa sig áfram, vera forvitnir og ígrunda.<br>• Nálgast námsefnið í gegnum leik og tjáningu bæði leikræna, sjónræna og myndræna<br>• Örva ímyndunaraflið og vera tilbúin að nota bæði efnivið og umhverfi á sem fjölbreyttastan hátt til að ýta undir sköpunargleði nemenda.<br>• Bjóða upp á fjölbreytt og krefjandi verkefni sem miða við reynslu og þroska nemenda |

# 1.3 Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 8. bekk

***i. Kennsluaðstæður***
8. bekkur er einn hópur með einn umsjónarkennara. Kennsla fer fram í mörgum stofum þar sem nemendur sækja tíma hjá faggreinakennurum. Nemendum er skipt í ólíka hópa eftir því með hvað er verið að vinna. Nemendur fara í smiðjur í 4 kennslustundir á viku. Íþróttir eru kenndar íþróttahúsinu í skólanum. Sundkennsla fer fram í Ásvallalaug.

***ii. Kennsluáætlanir***
Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir hverja námsgrein í upphafi skólaárs og aftur í janúar. Þær eru aðgengilegar á google classroom. Út frá kennsluáætlunum vinna kennarar vikuáætlanir.

***iii. Náms- og kennslugögn***
Í öllum skólastofum eru skjávarpar og hljóðkerfi. Í öllum stofum er einnig lítil og stór tússtafla. Allir nemendur eru með spjaldtölvu.

| | |
|---|---|
| *Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:* | • Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar)<br>• Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum<br>• Fjölbreytt kennslugögn |
| *Ritföng nemenda og persónuleg hjálpar-gögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:* | • Öll námsgögn nema skriffæri og pennaveski, s.s. stílabækur og möppur fá nemendur í skólanum sér að kostnaðarlausu.<br>• Nemendur þurfa að koma með íþrótta-og sundföt |

# 1.4 Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

Gott samstarf heimilis og skóla er lykillinn að farsælu námi og velferð barnanna í skólanum og er sú samvinna mikilvægur hluti af starfi kennara.

Tvisvar á ári boða umsjónarkennarar foreldra í einstaklingsviðtöl með börnum þeirra þar sem farið er yfir námsframgöngu, líðan og samskipti. Á þessum dögum eru faggreinakennarar jafnframt til viðtals.

Líðanfundir eru einn liður í eineltisáætlun skólans. Foreldrar/forráðamenn sitja fundina ásamt fulltrúa úr eineltisráði sem stýrir fundinum og umsjónarkennunum. Fundirnir eru haldnir í upphafi hvorrar annar, í september og janúar/febrúar ár hvert. Fundirnir eru ýmist haldnir með foreldrum hvers hóps fyrir sig, bara foreldrum drengja /stúlkna eða foreldrum árgangs fer eftir stærð og samsetningu hópa.

Mikilvægt er í þessari samvinnu að skólinn veiti upplýsingar um gengi og líðan nemenda en jafnframt að foreldrar geri slíkt hið sama. Kennarar hafa ekki sérstakan viðtalstíma en hægt er að ná sambandi við kennara með tölvupósti eða í gegnum Mentor, jafnframt geta foreldrar skilið eftir skilaboð hjá ritara.

Bekkjartenglar eru fyrir hvern bekk og sjá þeir um aðrar uppákomur bekkjarins.

Kennarar senda vikulega pósta um það sem verið er að gera í skólanum. Jafnframt eru upplýsingar settar inn á heimsíðuna um skólastarfið.

Í sumum tilvikum eru teymi um ákveðna nemendur til að styðja enn frekar við þá. Innan skólans starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra sem og foreldrafélag. Hlutverk þess er að styðja við skólastarfið, efla tengsl heimila og skóla og stuðla þannig enn frekar að velferð nemenda.

# 1.5 Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í árganginum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. ***Leiðsagnarmat***.
Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. Haldið er utan um leiðsagnarmatið í hæfnikortum námsgreina á Mentor.is. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast reglulega með hæfnikorti nemandans.

b. ***Stöðumat***.
Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu með viðtali nemenda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

*b.* ***Lokamat***:
Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn og umsagnir fyrir frammistöðu sína.

# 2. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en undir hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

# 2.1 Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað sér yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs. Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

**a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum**

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

| **Lykilþættirnir fimm** | **Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:** | **A** | **B** | **C** |
|---|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | Við lok skólaárs geti nemandi:<br>• Tjáð sig fyrir framan bekkjarfélaga.<br>• Endursagt sögur og sagt frá eigin reynslu.<br>• Tileinkað sér nokkrar framsagnarreglur. s.s. að standa í báðar fætur, horfa beint fram og talað hátt og skýrt.<br>• Hlustað á sögur og tileinkað sér nokkrar reglur fyrir áheyrendur s.s. gefa gott hljóð, horfa á þann sem talar, taka þátt þegar við á.<br>• Farið eftir munnlegum fyrirmælum/leiðbeiningum. | Tjáð sig á öruggan hátt fyrir framan hóp um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað á aðra. Sagt frá hugsunum sínum og skoðunum af öryggi. | Tjáð sig vel fyrir framan hóp um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað á aðra. Sagt frá hugsunum sínum og skoðunum. | Tjáð sig nokkuð vel fyrir framan aðra um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað stundum á aðra. Sagt að einhverju marki frá hugsunum sínum og skoðunum og hlustað á aðra. |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | Við lok skólaárs geti nemandi:<br>• Unnið verkefni eftir munnlegum fyrirmælum.<br>• Metið eigin verk út frá fyrirfram gefnum þáttum.<br>• Gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og í lagi að gera mistök.<br>• Gert sér grein fyrir hvað eru staðreyndir.<br>• Skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum. | Unnið mjög vel eftir munnlegum fyrirmælum og metið af öryggi eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Gert sér mjög vel grein fyrir að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum og verið óhræddur við að gera mistök. Gert sér mjög vel grein fyrir hvað eru staðreyndir og skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum. | Unnið vel eftir munnlegum fyrirmælum og metið eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Gert sér vel grein fyrir því að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum og verið óhrædd við að gera mistök. Gert sér vel grein fyrir hvað eru staðreyndir og skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum. | Unnið nokkuð vel eftir munnlegum fyrirmælum og metið eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Áttað sig stundum á að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum. Gert sér að einhverju leyti grein fyrir hvað eru staðreyndir og stundum skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum. |

| Lykilþættirnir fimm, frh. | Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt: | A | B | C |
|---|---|---|---|---|
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | Við lok skólaárs geti nemandi:<br>• Unnið eftir einföldum fyrirmælum í máli og myndum.<br>• Gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir.<br>• Unnið með öðrum í litlum hópum.<br>• Tekið að sér ákveðið hlutverk með leiðsögn kennara.<br>• Hlustað á leiðsögn kennara. | Unnið mjög vel eftir fyrirmælum í máli og myndum. Gert sér mjög vel grein hvað hugtakið styrkleiki merkir, unnið vel með öðrum í litlum hópum og hlustað mjög vel á leiðsögn kennara. | Unnið vel eftir fyrirmælum í máli og myndum. Gert sér vel grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir, unnið með öðrum í litlum hópum og hlustað vel á leiðsögn kennara. | Unnið stundum vel eftir fyrirmælum í máli og myndum. Gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir að einhverju marki, stundum unnið með öðrum og hlustað nokkuð vel á leiðsögn kennara. |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | Við lok skólaárs geti nemandi:<br>• Leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi.<br>• Gert sér grein fyrir ólíkum miðlum til upplýsingaöflunar.<br>• Þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun. | Leitað sér upplýsinga af öryggi í nánasta umhverfi. Nýtt mjög vel mismunandi upplýsingamiðla og þekkt mjög vel nokkrar einfaldar reglur um netnotkun. | Leitað sér upplýsinga í nánasta umhverfi. Nýtt vel mismunandi upplýsingamiðla og þekkt vel nokkrar einfaldar reglur um netnotkun. | Leitað sér stundum upplýsinga í nánasta umhverfi. Nýtt mismunandi upplýsingamiðla og þekkt að einhverju marki nokkrar einfaldar reglur um netnotkun. |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | Við lok skólaárs geti nemandi:<br>• Skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu.<br>• Skilið hvað námsmarkmið eru.<br>• Stuðst við einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám. | Tekið mikla ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið mjög vel námsmarkmið sín. Notað einfaldar aðferðir til að skipuleggja vel eigið nám. | Tekið ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið vel námsmarkmið sín. Notað einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám. | Tekið nokkra ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið námsmarkmið sín að einhverju leyti. Notað stundum einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám. |

## 2.2 Íslenska

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Talað mál og hlustun*
- *Tjáning*
- *Upplestur*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarbækur*
- *Málið í mark*
- *Vefir*
- *Myndefni*
- *Snjalltæki*
- *Krækjur*
- *Ýmislegt efni frá kennara*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Ritun*
- *Málfræði*
- *Lestur*
- *Framsögn*
- *Hópavinna*
- *Einstaklingsvinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Námsefni valið eftir getu og oft áhuga hvers og eins. Nemendur auka hæfni sína í íslensku.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*
- *notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*

**Íslenska hæfniviðmið**

<table>
<tr><th>Námsþáttur</th><th>8. bekkur</th></tr>
<tr><td>Talað mál, hlustun og áhorf</td><td><ul>
<li>flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li>
<li>gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</li>
<li>ýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar</li>
<li>hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni</li>
<li>nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</li>
<li>átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi</li>
</ul></td></tr>
<tr><td>Lestur og bókmenntir</td><td><ul>
<li>lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað</li>
<li>skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi</li>
<li>og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur, • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða</li>
<li>gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því</li>
<li>lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</li>
<li>beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð</li>
<li>notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum</li>
<li>leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess</li>
<li>unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér</li>
<li>valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.</li>
</ul></td></tr>
<tr><td>Ritun</td><td><ul>
<li>skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær</li>
<li>beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar</li>
<li>tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun</li>
<li>beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</li>
<li>valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi</li>
<li>notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um</li>
<li>skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.</li>
</ul></td></tr>
<tr><td>Málfræði</td><td><ul>
<li>beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess</li>
<li>valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun</li>
<li>flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna</li>
</ul></td></tr>
</table>

| | |
|---|---|
| | • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra<br>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni<br>• gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna<br>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt<br>• áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap<br>• gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum |

## 2.3 Náttúrugreinar hæfniviðmið

| **Námsþáttur** | **8. bekkur** |
|---|---|
| **Verklag** | • beitt vísindalegum og fagmannlegum vinnubrögðum í náttúruvísindum.<br>• lesið, um orðað og túlkað á vísindalegan hátt.<br>• sýnt getu til aðgerða.<br>• sýnt skilning á námsefninu og miðlað því á persónulegan hátt.<br>• sett fram gögn á skipulagðan hátt.<br>• fjallað um dýr á vísindalegan hátt. |
| **Viðfangsefni** | • tekið þátt í umræðum um bakteríur og leiðir til þess að draga úr sýkingu.<br>• beitt hugtökum tengdum uppbyggingu lífs og flokkun þess.<br>• beitt hugtökum tengdum mannslíkamanum.<br>• lýst uppbyggingu frumu.<br>• framkvæmt athugun á bakteríum.<br>• framkvæmt athugun á plöntum.<br>• lýst mismunandi blómum og aldinum.<br>• framkvæmt athugun á dýrum.<br>• útskýrt meltingu.<br>• framkvæmt athugun á öndun.<br>• framkvæmt athugun á líffæri líkamans.<br>• útskýrt mikilvægi líffæra í líkamanum.<br>• greint flokka lífvera. |
| **Upplýsinga- og tæknimennt** | • Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.<br>• Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.<br>• Unnið skapandi og á gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.<br>• Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar. |

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Líffræði*
- *Líffræði mannsins*

Skólaárinu er skipt upp í spretti. Í hverjum spretti er lögð áhersla á ákveðið viðfangsefni þar sem nemendur kynna sér viðfangsefni og vinna síðan með það í gegnum texta, tilraunir og aðra vinnu.

Áhersla er lögð á i) lesskilning, ii) textavinnslu og svörun, iii) verkleg verkefni og iv) vinna með hugtök sem koma fram í sprettum.

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lífheimurinn - Litróf náttúrunnar*
- *Mannslíkaminn - Litróf náttúrunnar*
- *Efni frá kennara*
- *Efni í tilraunir og verkefnavinnu*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Beinar innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Tilraunir og skýrslugerðir*
- *Verkefnavinna*
- *Hópavinna, paravinna og þemavinna*
- *Upplýsingaöflun*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Í stað þess að lesa býðst nemendum aðgangur að kennslubókinni á hljóðbók.*
- *Nemendur geta sótt um að gera styttri verkefni í stað ritgerðar og skýrslna.*
- *Nemendur geta sótt um að taka munnlegt próf í stað skriflegs prófs.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna.*
- *Skýrslur og spurningar.*
- *Próf.*
- *Þátttaka og virkni í tíma.*

Í hverjum spretti eru hæfniviðmið til hliðsjónar. Nemendur vinna spurningar og verkefni eftir þessum hæfniviðmiðum og meginaherslum hvers spretts fyrir sig.

## 2.4 Samfélagsgreinar hæfniviðmið

| Námsþáttur | 8. bekkur |
|---|---|
| **Reynsluheimur** | • sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf<br>• fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður<br>• útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði<br>• greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum<br>• gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun |

| | |
|---|---|
| | • greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum<br>• gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum<br>• greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar<br>• bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu og náttúrunni<br>• |
| **Hugarheimur** | • rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund<br>• beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd<br>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar<br>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt<br>• lýst margbreytilegra tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta<br>• sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði<br>• greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða<br>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga |
| **Félagsheimur** | • tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu<br>• vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttsýnan hátt<br>• komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra<br>• sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga<br>• ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis<br>• sinnt velferð og hag samferðafólks síns |

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Áhersla er á sögu og lífsleikni fyrir áramót og landafræði, lífsleikni og umferðarfræðslu eftir áramót.

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lýðræði og tækni*
- *Um víða veröld*

- *Kvikmyndir og þættir*
- *Viðeigandi efni af netinu*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Gagnvirkir fyrirlestrar og efni*
- *Innlögn*
- *Umræður*
- *Hópavinna*
- *Einstaklingsvinna*
- *Vinnubókavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Aðlöguð verkefni, sjónrænt efni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*
- *Notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori. Fyrir verkefni/stöðumat/lokaeinkunn verður gefið í bókstöfum (A, B+, B, C+, C og D).*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*

# 2.7 Kynja- og kynfræðsla

Fræðslan er ætluð til að auka þekkingu og færni ungs fólks á kynheilbrigði, virðingu, mörkum, samskiptum og samþykki. Meginmarkmiðið er að skapa já-kvæða sjálfs-mynd og stuðla að því að ungt fólk þekki sjálft réttindi sín og mikilvægi þess að að þekkja muninn á heilbrigðum og óheilbrigðum samböndum.
Þar að auki verður lögð áhersla á mannréttindi, félagslegt réttlæti, jöfnuð og helgi mannlegs lífs.

**Kynja og kynfræðsla - Hæfniviðmið**

- Geti fjallað um getnað og getnaðarvarnir
- Þekki einkenni kynsjúkdóma og hvernig megi koma í veg fyrir og meðhöndla þá og almennar upplýsingar um meðhöndlun þeirra
- Geti skilgreint hugtökin kyn, kyngervi, kynhneigð og kynhlutverk og fjallað um margbreytileika þeirra

- Þekki einkenni kynferðisofbeldis og áreitni og geti tekið virka afstöðu gegn því
- Geti rætt eigin ábyrgð á kynheilbrigði
- Þekki ólíkar tilfinningar og hvernig þær hafa áhrif á samskipti og framkomu
- Þekki hvað einkennir heilbrigt og óheilbrigt samband

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni er viðeigandi efni sem hefur verið dregið saman af innleiðingarnefnd kynja- og kynfræðslu í Hafnarfirði

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Gagnvirkir fyrirlestrar og efni*
- *Innlögn*
- *Umræður*
- *Hópavinna*
- *Einstaklingsvinna*
- *Fræðslumyndbönd*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Aðlöguð verkefni, sjónrænt efni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*
- *Notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori. Fyrir verkefni/stöðumat/lokaeinkunn verður gefið í bókstöfum (A, B+, B, C+, C og D).*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*

## 2.5 Upplýsinga- og tæknimennt hæfniviðmið

| Námsþáttur | 8. bekkur |
|---|---|
| Vinnulag og vinnubrögð | • nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar<br>• unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu<br>• unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum<br>• beitt réttri fingrasetningu |
| Upplýsingaöflun og úrvinnsla | • Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.<br>• Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.<br>• Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.<br>• Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.<br>• Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.<br>• Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum. |
| Sköpun og miðlun | • nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt |
| Siðferði og öryggismál | • sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu<br>• nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin |

# 2.3 Íslenska sem annað tungumál

„ Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eru að ná tökum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Markmið með kennslunni eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár. Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum" (Aðalnámskrá grunnskóla 2021, bls. 106).

Sjá nánar í sérkafla um Íslensku sem annað tungumál.

# 2.4 Erlend tungumál

### Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs:

| Námsþáttur | 8. bekkur |
|---|---|
| **Hlustun** | • tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt<br>• án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr<br>• hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim |
| **Lesskilningur** | • aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu<br>• lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt<br>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi<br>• Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. |
| **Samskipti** | • tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í<br>• tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum<br>• tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda |
| **Frásögn** | • tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum<br>• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.<br>• flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi |
| **Ritun** | • skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum<br>• tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu<br>• leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín<br>• skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við<br>• Lýst atburðarrás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv. |
| **Menningarlæsi** | • sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni<br>• getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska<br>• sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma<br>• Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. |

| | |
|---|---|
| **Námshæfni** | • beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða<br>• beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf<br>• nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi<br>• unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja<br>• nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni<br>• Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. |

*2.4.1 Enska*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lestur*
- *Ritun*
- *Málnotkun*
- *Hlustun*
- *Talmál*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Spotlight 8*
- *Lestur, smásögur og skáldsögur*
- *Kvikmyndir og þættir*
- *Enskar málfræðiæfingar*
- *Ýmis ljósrit*
- *Smáforrit*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Innlögn*
- *Umræður*
- *Hópavinna*
- *Vinnubókavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Möguleiki á að fá léttari léttlestrarbækur*
- *Auka ítarefni fyrir getumeiri nemendur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*
- *notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*

*2.4.2 Danska*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að skilja einfalt mál, hlustun í tengslum við viðfangsefnið sem unnið er með.*
- *Að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni og lestexta, skilja létta texta af mismunandi gerð, s.s. myndasögur.*
- *Geti fylgt ýmsum einföldum textum, s.s. þulum, rími og ljóðum*
- *Geta tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað og kvatt. Að geta tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með.*
- *Að þjálfast í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Tak A*
- Mørket imellem os! (þættir á dr.dk)
- kahoot
- *Leg med dansk*
- *Myndbrot og hlustun*
- *Efni frá kennara*
- *Smáforrit – t.d. dualingo, efni á mms.is*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Hlustun*
- *Samtöl*
- *Hefðbundin vinnubókavinna*
- *Spil*
- *Áhorf*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Færnimiðuð kennsla*
- *Nemendur vinna í litlum hópum*
- *Innlögn hjá kennara*
- *Sjálfstæð vinna*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*
- *notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*
- *Classroom nýtt til verkefnalýsinga, námsefni og verkefnaskila*

# 2.5 List- og verkgreinar

## Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs:

| Námsþáttur | 8. bekkur |
|---|---|
| **Sjónlistir** | • greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni<br>• notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati<br>• gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu<br>• túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði<br>• greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat |
| **Textílmennt** | • Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða.<br>• Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.<br>• Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu.<br>• Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt.<br>• Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.<br>• Sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.<br>• Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna<br>• Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði<br>• Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir |
| **Heimilsfræði** | • Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.<br>• Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.<br>• Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.<br>• Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.<br>• Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.<br>• Tjáð sig um ólíka siði og venjur og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð<br>• Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.<br>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. |
| **Hönnun og smíði** | • Beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt<br>• Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir<br>• Sýnt frumkvæði í góðri umgengi og frágangi á vinnusvæði<br>• beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar<br>• valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra<br>• framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun<br>• hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu |

*2.5.1 Sjónlistir - myndmennt*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
- *Hugmyndavinna*
- *Litafræði*
- *Formfræði*
- *Mótun*
- *Listasaga*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
- *Endurnýtanlegur efniviður*
- *Mismunandi tegundir lita*
- *Mismunandi tegundir af málningu*
- *Mismunandi tegundir af pappír, pappa o.m.fl.*
- *Ýmiskonar áhöld*
- *Snjalltæki*
- *Efni af veraldarvefnum*
- *Ýmsar myndlistabækur*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- *Innlögn og kynning*
- *Sýnikennsla*
- *Jafningjafræðsla*
- *Fyrirlestur*
- *Myndbönd*
- *Umræður*
- *Tilraunir*
- *Uppgötvunarnám*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- *Sýnikennsla*
- *Jafningjafræðsla*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:
- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*

- *notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*

*2.5.2 Textílmennt*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i . Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Að nemendur:

- *læri góða umgengni og frágang í textílstofunni*
- *þjálfist í að leggja mat á vinnu sína og vönduð vinnubrögð*
- *þjálfist í að nota helstu áhöld og hugtök textílmenntar*
- *þjálfi vinnuferilinn frá hugmynd til afurðar*
- *vinna með snið og uppskriftir*
- *Fara í gegnum og læra um vinnuferlið að sauma neðripart*
- *Læra eða rifja upp að þræða saumavél*
- *læra um helstu tákn og merkingar vefjarefna og um helstu  textílefni og eiginleika þeirra*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Sýnishorn af verkefnum*
- *Kennsluleiðbeiningar frá kennara*
- *Veraldarvefurinn*
- *Myndir og myndir fyrir hugmyndavinnu*
- *Helstu efni og verkfæri í textílstofu*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn og kynning*
- *Sýnikennsla*
- *Fyrirlestur*
- *Umræður*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur fá skýrari fyrirmæli og léttari verkefni.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*

- *notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*

### *2.5.3 Heimilisfræði*

**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku í 5 -6 vikur

#### ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkleg kennsla í heimilisfræði*
- *Þjálfun í að beita helstu matreiðsluaðferðum og að nota helstu mæli– og eldhúsáhöld*
- *Þrif og frágangur í kennslueldhúsi*
- *Ábyrgð einstaklingsins á sinni eigin heilsu og mikilvægi næringar, hreyfingar og hvíldar*
- *Fræðsla um æskilega samsetningu fæðunnar*
- *Orkuefnin, vítamín og steinefni og fræðsla um tilgang þeirra og í hvaða fæðutegundum hvert og eitt þeirra er að finna*
- *Slys á heimilum og rétt viðbrögð við þeim*
- *Áhrif auglýsinga á upplýsinga í vali okkar á matvælum*
- *Næringarefnatöflur, notagildi og hvernig lesa má úr þeim*
- *Hvernig nota má margvíslega miðla til að afla upplýsinga varðandi matreiðslu og meðferð matvæla*

#### ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Heimilisfræðistofa*
- *Ýmis matvara*
- *Valdar blaðsíður úr kennslubókunum: Matur og menning og Næring og lífshættir*
- *Ljósrit frá kennara*
- *Veggspjöld og skýringarmyndir*
- *Kennslumyndbönd*

#### ***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Útskýring á þeim uppskriftum sem notaðar eru eða því verkefni sem á að vinna.*
- *Sýnikennsla í meðferð hráefna*
- *Verkefni unnin – verkleg eða bókleg*
- *Þrif og frágangur*
- *Borðhald eða matvöru pakkað til að taka með heim*
- *Umræður*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni.

- *Nemendur fá ítarlegar útskýringar, sýnikennslu og leiðsögn frá kennara í byrjun verks og meðan á verkinu stendur*

- *Nemendur fá leiðbeiningar sem henta þannig að þeir geti unnið út frá hæfni og getu*
- *Nemendur vinna verkefni ýmist einir eða í hóp og fá viðeigandi stuðning frá bæði kennara og samnemendum*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *Leiðsagnarmat.*
- *Símat.*
- *Lokamat*

### *2.5.4 Hönnun og smíði*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Wall art*
- *Pizza platti*
- *Aukaverkefni er frjálst*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lím, límband, borðar, litir og pennar*
- *Tálgunarhnífur*
- *Útskurðarjárn*
- *Tifsög*
- *Rennibekkur*
- *Viður*
- *Skrúfur og naglar*
- *Borvél*
- *Hamar*
- *Snæri, lakk, olía, vatnsmálning o.fl..*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Námsgreinin er kennd í smiðjum, 6 tímar á viku í 6 vikna lotum*
- *Kennt er inn í skólastofu*
- *Helstu kennsluaðferðir eru sýnikennsla og einstaklingskennsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur fá skýrari fyrirmæli og léttari verkefni*
- *Nemendur aðstoðaðir við vinnu – sýnikennsla maður á mann*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*
- *notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori*

# 2.6 Skólaíþróttir

## Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs:

| Námsþáttur | 8. bekkur |
|---|---|
| **Líkamsvitund, leikni og afkastageta** | • gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol<br>• sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða |
| **Félagslegir þættir** | • skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum |
| **Heilsa og efling þekkingar** | • skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans<br>• útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum<br>• sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu<br>• tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi |
| **Öryggis- og skipulagsreglur** | • tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda. Bjargað jafningja á björgunarsundi |

*2.6.1 Íþróttir*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***
  - *Líkamstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*
- ***Rytmiskar leikfimiæfingar***
  - *Með bolta, hringi, sippubönd, bönd, keilur,*
  - *án smááhalda*
- ***Áhaldafimleikar***
  - *Hindranahlaup, gólfæfingar, stökk, sveiflur, klifur, róla sér, svífa um gangandi*
- ***Leikir***
  - *Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, hugmyndaleikir, ratleikir*
- ***Frjálsíþróttir***
  - *Hlaup, stökk og köst*
- ***Dans***
  - *Dansleikir*
- ***Sértækir námsþættir***
  - *Norrænaskólahlaupið, gönguferðir, íþróttadagur, Göngum í skólann*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í íþróttasal***
  - ***Minni áhöld:*** *Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur*
  - ***Stærri áhöld:*** *Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet*
- ***Áhöld í skóla og á skólalóð***
  - ***Minni áhöld:*** *Fótboltar, körfuboltar, skotboltar, snú snú bönd, sippubönd.*
  - ***Stærri áhöld:*** *Handboltamark, körfur, klifurkastali, rólur*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi –*** *Íþróttasalur*
- ***Kennsla utanhúss –*** *Skólalóð, nær umhverfi*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir -*** Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, verkstæðiskennsla (stöðvaþjálfun), áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, spurnaraðferðir, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, leitaraðferðir, kannanir,

hópvinnubrögð, frásögn og sagnalist, sjónsköpun, hugarflug, leikræn tjáning, sviðsetning, söguaðferð

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Hreyfing og afkastageta

Stöðumat á líkamlegri færni

- Hegðun og atferli
  - Símatseyðublöð
  - Virkni
  - Fyrirmæli og reglur
  - Áhugi og Viðhorf

b. Námshæfni:

- Útfærsla í höndum íþrótta og sundkennara skólans

*2.6.2 Sund*

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Bringusund***
  - *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
  - *Að nemandi geti synt bringusund.*
- ***Skólabaksund***
  - *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
  - *Að nemandi geti synt skólabaksund.*
- ***Skriðsund***
  - *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
  - *Að nemandi geti synt skriðsund*
- ***Baksund***
  - *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
  - *Að nemandi geti synt baksund*
- ***Flugsund - fótatök***
  - *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
  - *Að nemandi geti synt flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.*
- ***Stunga***
  - *Að nemandi geti stungið sér úr kroppstöðu af bakka*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld Í sundlaug***
  - *Kútar, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla fer fram í***
  - *Ásvallalaug*
  - *Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:*
    - *Við upphaf kennsluárs*
    - *Um mitt kennsluár*
    - *Við lok kennsluárs*
      - *Dagleg hreyfing borin saman milli tímabila*
- ***Heimanám (foreldrar)***
  - *Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir***
  - *Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Tækni og afkasta geta
- Hegðun og atferli
  - Símatseyðublöð
  - Virkni: nemandi tekur virkan þátt í tímum
  - Fyrirmæli og reglur: Nemandi hlýðir fyrirmælum og fer eftir reglum
  - Áhugi og Viðhorf: Nemandi sýnir kennslu áhuga og jákvætt viðhorf

- Námshæfni:

Útfærsla í höndum íþrótta og sundkennara skólans

# 2.7 Stærðfræði

## Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs:

| Námsþáttur | 8. bekkur |
|---|---|
| **Að geta spurt og svarað með stærðfræði** | • fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar, lagt mat á lausnirnar, m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim |
| **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar** | • lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það merkingabærann hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess,<br>• tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni<br>• valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar |
| **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar** | • tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni<br>• rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni<br>• undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni<br>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst |
| **Tölur og reikningur** | • notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum<br>• reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum Algebru<br>• nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim |
| **Algebra** | • leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð |
| **Rúmfræði og mælingar** | • notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma<br>• mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu |
| **Tölfræði og líkindi** | • notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn<br>• skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim |

*2.7.1 Stærðfræði*

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

#### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Tölur og reikningur*

- *Rúmfræði*
- *Algebra*
- *Tölfræði*
- *Upptekt*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Skali 1a og Skali 1b nemendabækur, æfingarhefti*
- *Almenn Stærðfræði I*
- *Vefurinn*
- *Fjölbreytt verkefni frá kennara*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *innlagnir*
- *hópavinna*
- *samvinnunám,*
- *einstaklingsnám*
- *bókavinna*
- *hlutbundin vinna*
- *þrautir*
- *gagnvirkt efni*
- *skapandi verkefni*
- *rannsókn*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *aðlagað efni*
- *ítarefni*
- *sérkennsla*
- *afsláttur veittur (reikna færri dæmi)*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

- *leiðsagnarmat, námsframvinda birt á Mentor jafnt og þétt yfir veturinn*
- *notast er við fimm tákn við mat á hæfni: Hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi, birtist á vitnisburðarblaði að vori. Fyrir verkefni/stöðumat/lokaeinkunn verður gefið í bókstöfum (A, B+, B, C+, C og D).*
- *skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum*